

Nd.

850. Tillaga

til þingsályktunar út af vixilskuldum á Austfjörðum vegna síldareinkasölu Íslands frá 1931.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það við bankana, vegna hinna sérstöku ástæðna og erfiðleika viðkomandi manna, að frestað verði vixilmálunum gegn útgefendum og samþykkjendum síldarvíxla út af viðskiptum síldareinkasölunnar við austfirzka síldarútflytjendur 1931, svo sem með framlengingarvíxlum, þar til úrlausn fæst um viðskipti þessi, að nánar athuguðu máli.